

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Matvælastofnun
Þór Gunnarsson
Austurvegur 64
800 SELFOSS

Garðabær, 04. mars 2014
2014020020/42-0
TB, KHS
jgo/tb

Umsókn Icelandic Mussel Company um tilraunaleyfi til að rækta krækling í Djúpafirði

Vísað er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 14. febrúar sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um tilraunaleyfi til að rækta krækling í Djúpafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Svæðið sem sótt er um fer langt inn á helgunarsvæði arnarvarps í Djúpafirði, sjá mynd á bls. 13 í skýrslu Náttúrufræðistofnunar NI-05004 (finna má skýrsluna hér <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2005/NI-05004.pdf>). Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 segir m.a. í 19. gr. laganna: *Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir þær sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.* Hér er um að ræða hugsanlegar nytjar sem ekki eru stundaðar í dag og án efa hægt að finna önnur svæði fyrir kræklingaráækt. Um svæðið gilda einnig lög um vernd Breiðafjarðar en þar segir í 1. gr. laganna: *Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.* Rétt er að það komi fram að arnaróðal það sem hér er um ræðir er eitt besta/gjöfulasta arnaróðal við norðanverðan Breiðafjörð þ.m.t. landsins. Auk þessa vill stofnunin benda á að fjörðurinn er fellistaður fyrir mörg hundruð álfir sem einnig njóta friðunar allt árið. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að veitt verði heimild til að stunda kræklingaráækt á umræddu svæði.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

